



## Hesthál 12 – fyrirspurn vegna breytinga á grænu svæði

Lögð fram fyrirspurn Tandurs hf., dags. 14. apríl 2023, um að breyta grænu svæði við austurhlíðhússins á lóð nr. 12 við Hesthál 12 í bílastæði. Einnig lagðir fram uppdr. AL-hönnunar, dags. 1. mars 2021.



Loftmynd af Hesthál 12 og nágrenni



Ásýnd svæðisins júní 2022

### Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er Hesthál 12 á skilgreindu svæði AT2 atvinnusvæði. Fyrst og fremst léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmisfrek verslun, svo sem bílasölur.

Deiliskipulag í gildi með breytingu frá 2017. Heimild í gildandi skipulagi er fyrir 24 bílastæðum.

### Fyrirspurn

Óskað er eftir að fjarlægja gróður á lóð, jarðvegskipta og malbika. Koma fyrir 6 stæðum í stað gróðursins.

### Umsögn

Samkvæmt teikningum sem fylgja fyrirspurninni er gert ráð fyrir 24 stæðum í dag og óskað eftir að bæta við allt að 6 stæðum. Samtals yrðu þá 30 stæði á lóðinni. Skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar er Hesthál 12 á skilgreindu svæði 2. Eftirfarandi eru viðmið fyrir bílastæðafjölda á svæði 2:

Skrifstofur: 1 bílastæði / 75 m<sup>2</sup>

Iðnaður: 1 bílastæði / 100 m<sup>2</sup>

Vöruheymsla: 1 bílastæði / 360 m<sup>2</sup>

Miðað við bílastæðastefnu Reykjavíkurborgar eiga stæðin einungis að vera 9-15 samtals. Skipulagsfulltrúi hvetur aðila til að gera samgöngusamninga við starfsfólk sitt og hvetja þannig til annarra ferðamála en einkabíls þegar ferðast er til og frá vinnu.

Á svæði eins og um ræðir, þar sem ógegndræpt yfirborð er mikið, er hver einasti skiki með gróðri mjög mikilvægur. Til þess að auka gegndræpi yfirborðs og taka á móti regnvatni og minnka þannig álag á veitukerfið. Eins er gróðurinn mikilvægur til þess að auka græna ásýnd svæðisins og skapa vistlegra umhverfi fyrir starfsmenn sem vinna á svæðinu sem og auka líffræðilega fjölbreytni á svæðinu.

### Niðurstaða

Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi né bílastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
Hrönn Valdimarsdóttir